

**Nr. 097 / 15 Baldur****Tók niðri á Brjánslæk**

Skipaskr.nr. 2887  
IMO 7804962  
Smíðaður: Noregur 1979, stál  
Stærð: 1677 bt  
Mesta lengd: 68,30 m Skráð lengd: 63,47 m  
Breidd: 11,60 m Dýpt: 4,20 m  
Vél: MAN B&W 1840 kW, 1994  
Fjöldi skipverja: 10  
Farþegar: 59



Baldur©Skessuhorn

**Gögn:**

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 29. ágúst 2015 var farþegaskipið Baldur að koma til Brjánslækjar. Veður: NA gola og sjávarhæð 0,2 m.

Þegar verið var að leggja skipinu að bryggju kenndi það grunns með skutinn en engar skemmdir reyndust vera á skrúfu eða stýri. Við komuna til Stykkishólms var kafað við skipið og komu í ljós rispur á kjöl.

**Við rannsókn kom fram:**

- að eftir atvikið var höfnin dýpkuð.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.